

# Starf framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands

V

Vísindagarðar Háskóla Íslands eru alþjóðlegt tækni- og þekkingarsamfélag á Íslandi sem tekur virkan þátt í tengja saman frumkvöðla, fyrirtæki, háskóla, stofnanir og aðra hagsmunaaðila sem vinna að því að efla hagnýtingu rannsókna, nýsköpun og viðskiptaþróun til hagsældar og heilla fyrir land og þjóð. Við leitum nú að öflugum einstaklingi til að leiða starfsemina; móta og framkvæma stefnu félagsins til framtíðar. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir aðila sem er víðsýnn og reynslumikill, hefur brennandi áhuga á nýsköpun og þróun, góða reynslu af opinberri stjórnsýslu, þekkir innviði Háskóla Íslands, rannsóknarumhverfi og nýsköpun á Íslandi. Viðkomandi þarf að geta unnið með teymum og verkefnahópum og samræmt vinnu þeirra, vera lausnamiðaður og hafa víðtæk tengsl við atvinnulíf og stjórnsýslu. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir stjórn félagsins og hefur starfsstöð í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

## Meðal verkefna

- Stjórn verkefna og daglegur rekstur, þ.á m. fjármál félagsins, greiningarvinna og áætlanagerð, markaðssetning og starfsmannastjórn
- Tengslamyndun bæði við opinbera aðila og fyrirtæki – stýrir vinnu vegna viðskiptatækifæra
- Samningagerð - leiðir vinnu vegna fjárfestinga og umbreytinga á núverandi eignum, lánamála og fjármögnunar
- Samskipti við Háskóla Íslands, fjárfesta og hagsmunaaðila
- Tengiliður við fræðasvið og yfirstjórn Háskólans og Reykjavíkurborg og umsjón með öllum öðrum erindum sem berast félaginu innan lands og erlendis frá

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun, sérstaklega breytingastjórnun og umbótaverkefnum
- Þekking og reynsla af skipulagsmálum og stjórnsýslu
- Þekking og reynsla af rekstri fasteigna, útboðum, samningagerð og framkvæmdum
- Þekking á sviði fjármála og reksturs fyrirtækja
- Afburðagóð skipulags- og samskiptafærni
- Reynsla eða góð þekking á akademísku umhverfi og akademískum störfum nauðsynleg
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Nánari upplýsingar veitir Hilmar B. Janusson, stjórnarformaður Vísindagarða, **hilmar@hi.is**, s: 8918770.

Umsóknarfrestur er til og með **30. júlí 2019**.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf og senda á netfangið **inga@attentus.is**.

Vísindagarðar Háskóla Íslands

visindagardar.is

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Á Sólheimum í Grímsnesi búa að jafnaði yfir eitthundrað manns og eru starfsmenn Sólheima um fimmtíu talsins. Hlutverk Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt á kristnum gildum og hugmyndum mannspeki, sem veitir íbúum tækifæri til að vaxa, þroskast og vera virkur þátttakandi. Starfsemi Sólheima og aðstaða er sniðin að því að þjóna fólki með þroskahömlun sem býr yfir starfsgetu.
Gildi Sólheima eru; kærleikur, fagmennska, sköpunargleði og virðing.

## Staða forstöðumanns Garðyrkjustöðvarinnar Sunnu

Sólheimasetur ses. óskar eftir að ráða forstöðumann Garðyrkjustöðvarinnar Sunnu á Sólheimum í Grímsnesi. Um er að ræða spennandi framtíðarstarf í gróðurhúsi þar sem öll ræktun er lífræn. Þetta er starf fyrir kraftmikinn og hugmyndaríkan einstakling með hugsjón fyrir lífrænni ræktun og sjálfbærni. Forstöðumaður hefur umsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Leiguhúsnæði er í boði og æskilegt að viðkomandi hafa fasta búsetu á staðnum eða búi í grennd við Sólheima.

**Helstu verkefni og ábyrgð;**
- Ber ábyrgð á lífrænni ræktun matjurta, skipulagi og framkvæmd
- Hefur umsjón með verklagi starfsmanna, framþróun þeirra og fræðslu
- Hefur eftirlit með ástandi gróðurhúsa og tækja
- Annast viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum sem kunna að herja á plöntur
- Hefur umsjón með umhverfisþáttum, öryggismálum, lýsingu, hitastigi, vökvun og áburðargjöf
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar fyrir garðyrkjustöðina og eftirfylgni hennar

**Menntunar- og hæfniskröfur;**
- Garðyrkjumenntun er áskilin
- Þekking og reynsla í lífrænni ræktun er æskileg
- Marktæk þekking og reynsla í jarðvegsræktun, áburðagjöf, leyfilegum áburðarefnum í lífrænni ræktun og viðbrögðum við meindýrum og sjúkdómum í lífrænni ræktun
- Góð samskiptafærni og hæfni til að stjórna og leiðbeina öðrum í starfi
- Framsýni og hugmyndaauðgi ásamt krafti til að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í anda gilda Sólheima

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Þröstur Ólafsson, forstöðumaður Sunnu, í síma 855 6060 eða á netfangið sunna@solheimar.is, eða Kristín B. Albertsdóttir, framkvæmdastjóri í síma 866 8696 eða á netfangið kba@solheimar.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí 2019** og skulu umsóknir berast rafrænt til launa- og mannauðsfulltrúa á netfangið; jon.johannsson@solheimar.is. Nauðsynlegt er að umsókn fylgi **ferilskrá** og **kynningarbréf**.




**Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is**

**Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir** matráð, matreiðslumanni, leikskólakennurum, deildarstjórum, sérkennurum, þroskaþjálfa, sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

**Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir** forstöðumanni frístunda, smíðakennara, starfsfólki í félagsmiðstöðvar, frístundaleiðbeinendum og deildarstjóra sérúrræða.

**Á velferðarsviði er óskað eftir** starfsfólki í stuðningsþjónustu og á hæfingarstöð sem og þroskaþjálfa í þjónustuíbúðir.

**Menningarhúsin óska eftir** verkefnastjóra í tímabundið starf.

Kópavogsbær

kopavogur.is



# Starfstækifæri **fyrir iðnaðarmenn**

**Alcoa Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki landsins og öflugur hópur iðnaðarmanna sinnir viðhaldi í álverinu. Við leitum nú að góðum raf- og véliðnaðarmönnum í fjölbreytt dagvinnustörf.**

Framleiðslutæki Fjarðaáls eru að stórum hluta sjálfvirk og mikið um iðnstýringar. Áhersla er lögð á að tryggja áreiðanleika með fyrirbyggjandi viðhaldi sem tekur mið af raunverulegu ástandi búnaðar. Fjögur teymi sinna skipulögðu viðhaldi í dagvinnu, sérhæft greiningarteymi fylgist með ástandi búnaðar og miðlæg viðhaldsvakt bregst við bilunum allan sólarhringinn. Iðnaðarmenn vinna náið með framleiðslustarfsfólki, skipuleggjendum viðhalds og öðrum sérfræðingum.

**Hvers vegna að velja starf hjá Alcoa Fjarðaáli?**
- Góð laun og fjölskylduvænn vinnutími.
- Tækifæri til starfsþróunar í gegnum þjálfun, fræðslu og fjölbreytta starfsreynslu.
- Ýmis fríðindi á borð við akstur til og frá vinnu, gott mötuneyti, heilsugæslu og velferðarþjónustu.
- Fjarðaál er vinnustaður þar sem komið er fram við alla af vinsemd og virðingu.
- Heilsa og öryggi starfsfólks eru ávallt forgangsmál.
- Við trúum því að samhent teymi ólíkra einstaklinga séu lykillinn að árangri. Við erum framsækin í jafnréttismálum og viljum fjölga konum í hópi iðnaðarmanna.

**Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um störfin.** Umsóknarfrestur er til og með 12. júlí 2019. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað. Frekari upplýsingar veitir **Jón Óli Benediktsson**, leiðtogi viðhalds, **jon.benediktsson@alcoa.com** eða í síma **470 7700**.
**Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á www.alcoa.is.**

JAFNLAUNAMERKIÐ

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

## Aðstoð á tannlæknastofu

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir tanntækni eða aðstoðarmanneskju á tannlæknastofu. Um er að ræða 80-100% starf. Á stofunni er einungis unnið við tannréttingar. Starfssvið er öll almenn aðstoð við tannlæknastól, sótthreinsun og fleira. Færni í mannlegum samskiptum, góð íslenskukunnátta og almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Um framtíðarstarf er að ræða. **Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið solveig@tannrettingastofan.is fyrir 5.júlí nk.**

## Kennari í málmtæknigreinum Borgarholtsskóli

**Laus er til umsóknar 100% staða kennara í málmtæknigreinum við Borgarholtsskóla á haustönn 2019.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og stofnanasamningi Borgarholtsskóla.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Umsækjandi þarf að hafa iðnmeistararéttindi í greininni og kennsluréttindi. Upplýsingar um starfið veitir Aðalsteinn Ómarsson, deildarstjóri, adalsteinn@bhs.is; sími: 856-1714.

Skriflegar umsóknir ásamt prófskírteinum, sakavottorði og upplýsingum um fyrri störf sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is.

Ráðið verður í stöðuna frá 16. ágúst 2019.

**Umsóknarfrestur er til 17. júlí 2019.**

*Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru:* **agi, virðing, væntingar.**

Borgarholtsskóli

www.bhs.is

## LÖGFRÆÐINGUR Í LAGALEGU EFTIRLITI

▶ **Þekkir þú löggjöf á fjármálamarkaði?**

Svið lagalegs eftirlits og vettvangsathugana vinnur þvert á önnur eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins. Á sviðinu starfar öflugur hópur lögfræðinga í lagalegu eftirliti að fjölbreyttum verkefnum er varða eftirlit með fjármálafyrirtækjum, vátryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði. Verkefni eru einkum tengd starfsleyfum, virkum eignarhlutum, aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, hæfismötum, starfsemi yfir landamæri, samrunum og veitingu umsagna um samþykktir og reglur lífeyrissjóða. Auk þess kemur lagalegt eftirlit að margvíslegum lagalegum álitamálum tengdum starfsemi eftirlitsskyldra aðila og tekur þátt í vinnu að setningu laga, reglna og tilmæla.

Leitað er að lögfræðingi sem hefur reynslu af eftirliti eða störfum á fjármálamarkaði og býr yfir góðri samskiptahæfni.

### Starfssvið

- Lagalegt eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum
- Lögfræðiráðgjöf í álitamálum tengdum starfsemi eftirlitsskyldra aðila til annarra sviða
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslurétti og löggjöf á fjármálamarkaði
- Reynsla af eftirlitsstörfum eða störfum tengdum fjármálamarkaði
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð, ábyrgð, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig og miðla upplýsingum í ræðu og riti á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar veita Linda Kolbrún Björgvinsdóttir, forstöðumaður lagalegs eftirlits (linda@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND




## FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

Isavia leitar að öflugum og reyndum leiðtoga til að stýra fjármálasviði fyrirtækisins. Starfið er bæði umfangsmikið og krefjandi og hentar einstaklingi sem býr yfir færni á sviði fjármálastjórnunar og samskipta. Gerð er krafa um háskólapróf á sviði fjármála, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er hluti af framkvæmdastjórn, vinnur náið með forstjóra og framkvæmdastjórn að því að framfylgja stefnu og ná rekstrarmarkmiðum félagsins.

Umsjón með ráðningu hefur Capacent. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason, **hilmar.hjaltason@capacent.is**, og Auður Bjarnadóttir, **audur.bjarnadottir@capacent.is**.

**Meðal verkefna framkvæmdastjóra eru**

- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins
- Reikningshald og uppgjör fyrir samstæðu
- Fjármögnun og áhættu- og lausafjárstýring
- Umsjón með greiningum og rekstrarupplýsingum
- Miðlæg innkaupaþjónusta
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

Capacent

UMSÓKNARFRESTUR:
**14. JÚLÍ**

UMSÓKNIR:
**CAPACENT.IS**

ISAVIA

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201906/1311 |
| Aðstoðarfólk í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201906/1310 |
| Starfsmenn | ÁTVR, Vínbúðin | Höfuðborgarsv. | 201906/1309 |
| Félagsráðgjafi | Fangelsismálastofnun ríkisins | Eyrarbakki | 201906/1308 |
| Lögfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201906/1307 |
| Aðstoðarmatráður | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201906/1306 |
| Kennari í málmtæknigreinum | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201906/1305 |
| Lyfjatæknir | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201906/1304 |
| Deildarlæknir | Landspítali, augnlækningar | Reykjavík | 201906/1303 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201906/1302 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, bráðamóttaka | Reykjavík | 201906/1301 |
| Skrifstofumaður | Landspítali, flæðisdeild | Reykjavík | 201906/1300 |
| Sjúkraþjálfari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201906/1299 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201906/1298 |
| Forstöðulæknir | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201906/1297 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Raunvísindadeild | Reykjavík | 201906/1296 |
| Háskólamenntaður starfsmaður | Landspítali, skrifstofa öldrunarlækn. | Reykjavík | 201906/1295 |
| Klínískir lyfjafræðingar | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201906/1294 |
| Stuðningsfulltrúi | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201906/1293 |
| Lögfræðingur | Orkustofnun | Reykjavík | 201906/1292 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Laugarás | 201906/1291 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra | Sauðárkrókur | 201906/1290 |
| Kennari í rafvirkjun | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201906/1289 |
| Líffræðingur/lífeindafræðingur | Tilraunastöð HÍ að Keldum | Reykjavík | 201906/1288 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201906/1287 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201906/1286 |
| Starfsmenn við aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201906/1285 |
| Verkefnastjóri | Endurmenntun Háskóla Íslands | Reykjavík | 201906/1284 |
| Þjónustufulltrúi | Endurmenntun Háskóla Íslands | Reykjavík | 201906/1283 |
| Sérkennari | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201906/1282 |
| Prestur í Breiðholtsprestakall | Biskupsembættið | Reykjavík | 201906/1281 |




## Móttökuritari

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir móttökuritara í 80% starf. Starfssvið er símsvörun, almenn afgreiðsla og ritarastörf. Færni í mannlegum samskiptum, góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið solveig@tannrettingastofan.is fyrir 5.júlí nk.**

## SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR – SKAFTAFELLSSÝSLU, HVOLSVELLI, AUGLÝSIR EFTIRFARANDI STÖRF LAUS TIL UMSÓKNAR:

### Stöðu forstöðumanns skólaþjónustunnar

sem auk stjórnunar stofnunarinnar, sinnir einnig að hluta sérkennsluráðgjöf í grunnskólum á svæðinu.
Krafist er menntunar í sérkennslufræðum auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynslu á sviði kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Menntun og reynsla á sviði stjórnunar og kennsluráðgjafar í grunnskólum er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námserfiðleika nemenda á því skólastigi. Um er að ræða 100% starf.

### Stöðu kennsluráðgjafa í grunnskólum

Leitað er að ráðgjafa í sérkennslu og almennri kennslu. Krafist er menntunar á sviði sérkennslu auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynslu af kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Reynsla af kennsluráðgjöf er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námserfiðleika nemenda í grunnskólum. Um er að ræða 50 - 100% starf.

Skólaþjónustan veitir tíu leik- og grunnskólum á svæðinu lögbundna sérfræðiþjónustu.
Við stofnunina starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem samanstendur af forstöðumanni, kennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi. Sérfræðingar skólaþjónustunnar eiga í nánu og góðu samstarfi við starfsfólk félagsþjónustunnar með heildarhagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.

Leitað er að áhugasömum og jákvæðum einstaklingum sem búa yfir afbragðsgóðri samskiptahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og sveigjanleika og frumkvæði í starfi.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands vegna starfsmanna á skólaskrifstofum.

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí nk.**, en viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrám berist á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Eddu G. Antonsdóttur forstöðumanns, Austurvegi 4, 860, Hvolsvelli. Nánari upplýsingar veita Edda í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 862-7522 og Lilja Einarsdóttir formaður stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu í netfanginu lilja@hvolsvollur.is eða í síma 863-8282.

# Húsfélagið Gimli, Miðleiti 5-7, óskar eftir að ráða húsvörð til starfa

Starfið hentar vel samhentum hjónum á aldrinum 45 – 60 ára. Íbúar hússins eru 55 ára og eldri. Húsvörður fær til afnota húsvarðaríbúð.

**Starfssvið**

- Ræsting á bílageymslu og öllum öðrum sameiginlegum rýmum hússins samkvæmt starfslýsingu
- Umhirða lóðar hússins
- Húsvörður sér um allt minniháttar viðhald
- Húsvörður hefur umsjón með tæknikerfum hússins, s.s. lyftum, loftræstikerfum, rafkerfum, brunakerfum o.fl.
- Húsvörður skal aðstoða íbúa

**Hæfniskröfur**

- Handlaginn og lipur í samskiptum
- Reglusamur og samviskusamur
- Þjónustulundaður og reyklaus
- Tali skýra og góða íslensku

**Nánari upplýsingar veitir:**
Rannveig J. Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2019.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

GAMMA

GAMMA Capital Management hf. er fjármálafyrirtæki sem býður upp á fjölbreytt úrval sjóða, fjárfestingarráðgjöf og stýringu á fjármálageringnum.

# Verkefnastjóri byggingaframkvæmda

Sjóðir í stýringu hjá GAMMA Capital Management sem eru með umfangsmikil byggingaverkefni í framkvæmd óska eftir að ráða framsækinn verkefnastjóra byggingaframkvæmda.

Starfið felur í sér ábyrgð á fjölbreyttum og spennandi verkefnum sem eru framundan hjá sjóðum GAMMA og tengdum félögum.

### Helstu verkefni

- Fagleg og fjárhagsleg yfirumsjón með byggingaframkvæmdum
- Undirbúningur og stjórnun verkefna
- Hönnunarrýni og samræming
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Kostnaðareftirlit

### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði byggingaverkfræði eða tæknifræði kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun byggingaframkvæmda kostur
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar veita:**
Sverrir Briem – sverrir@hagvangur.is
Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir – yrsa@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

ÞJÓÐKIRKJAN

Biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands, þar sem annast er um starfsmannahald vegna presta þjóðkirkjunnar og stuðningur veittur í starfsmannamálum í sóknum, stofnunum og prófastsdæmum.

Hlutverk Biskupsstofu er umfram allt að hvetja og styðja söfnuði, presta og aðrar stofnanir kirkjunnar til að sækja fram í starfi og þjónustu. Biskupsstofa sinnir m.a. í því skyni fræðslumálum, málefnum er varða kærleiksþjónustu, guðfræði og þjóðmál, kirkjutónlist og helgihald, upplýsingamál og samkirkjutengsl.

Starfsmannastefnu Þjóðkirkjunnar má lesa á kirkjan.is

# SKJALASTJÓRI – BISKUPSSTOFA

Biskup Íslands óskar eftir að ráða skjalastjóra. Starfið heyrir undir embætti biskups Íslands. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri Biskupsstofu. Um er að ræða fullt starf. Æskilegt væri að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Skjalasafn embættis biskups Íslands, kirkjuráðs, kirkjugarðaráðs og annarra kirkjulegra aðila sem njóta þjónustu Biskupsstofu hvað varðar skjalamál
- Söfnun, móttaka, skráning, varðveisla og miðlun skjala Biskupsstofu
- Þróun skjalastefnu og verklags við skjalastjórn
- Svörun fyrirspurna og upplýsingaleit
- Umsjón, uppbygging og þróun rafræns skjalastjórnunarkerfis Biskupsstofu
- Umsjón og ábyrgð á varðveislu eldri skjala, skil til Þjóðskjalasafns, gerð skjalavistunaráætlunar og framkvæmd hennar
- Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur á sviði skjalamála og skjalakerfis við stjórnendur og starfsmenn á Biskupsstofu
- Umsjón með bókasafni Biskupsstofu, útlánum, skráningu og innkaupum bóka

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði upplýsinga- og skjalastjórnar
- Þekking og reynsla af skjalastjórn
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Mjög góð almenn tölvuþekking, færni og vilji til að tileinka sér nýjungar.
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni í erlendum málum, í ræðu og riti
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum, háttvísi og lipurð
- Skipulagshæfni, nákvæmni og fagmannleg vinnubrögð
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**, geirlaug@hagvangur.is
**Rannveig Jóna Haraldsdóttir,** rannveig@hagvangur.is.

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamninga ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ertu að leita að sérfræðingi?

hagvangur.is



HAGVANGUR




## Sjúkraþjálfunarstöðin ehf.

Þverholti 18 óskar eftir starfsmanni í 100% starf eða í hlutastarf. Starfið felst í móttöku, aðstoð við sjúkraþjálfara og almennum þrifum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fyrir 15. ágúst.
**Umsóknarfrestur er til 10 júlí.** Áhugasamir sendi umsókn á netfangið sjukrathjalfunarstodin@ heimsnet.is

## Norræna húsið

### Norræna húsið í Reykjavík óskar eftir að ráða verkefnisstjóra með áherslu á samfélag og sjálfbærni, menningu og listir.

Norræna húsið í Reykjavík tók til starfa árið 1968 en húsið teiknaði finnski arkitektinn Alvar Aalto. Fjölbreytt menningarstarfsemi fer fram í Norræna húsinu, t.d. sýningar af ýmsu tagi, rekstur bókasafns, hljómleikar og sviðslist. Auk þess tekur húsið virkan þátt í norrænni þjóðfélagsumræðu með málþingum og ráðstefnum. Norræna húsið starfrækir skrifstofu umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs og kemur með norrænt sjónarhorn í landsmálaumræðuna með miðlunarverkefninu Norðurlönd í fókus.

Við auglýsum eftir reyndum verkefnisstjóra til þess að hafa umsjón með verkefnum Norðurlanda í fókus og umsýslu með umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs. Þá sér verkefnisstjórinn um undirbúning ýmissa lista- og menningarverkefna í Norræna húsinu. Vinnustaðurinn er Norræna húsið í Reykjavík en starfið er unnið í nánu samráði við samskiptasvið og deild umhverfis- og loftslagsmála á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

**Kröfur sem þú þarft að uppfylla:**
- Tilhlýðileg háskólamenntun.
- Reynsla af samskiptastarfi, einkum pólitískum samskiptum.
- Þekking á umhverfis- og sjálfbærnimálum.
- Reynsla af stjórnsýslustörfum, helst í alþjóðlegum samskiptum og reynsla af stjórnun stærri verkefna.
- Góð kunnátta í íslensku auk ensku og einu skandinavísku málanna.

**Auk þess ertu:**
- Áhugasöm/samur um að fjalla um samfélagsmál sem eru í deiglunni með menningu og listum.
- Lipur í samskiptum og lausnamiðuð/aður.
- Skipulögð/lagður og getur unnið sjálfstætt.

Um er að ræða fullt starf í fjögur ár með möguleika á framlengingu í fjögur ár til viðbótar samkvæmt reglum Norrænu ráðherranefndarinnar.
Upplýsingar um Norræna húsið er að finna á vefsíðunni **www.norraenahusid.is**.

Nánari upplýsingar veitir Þórunn Stefánsdóttir fjármálastjóri á netfanginu thorunnst@nordichouse.is eða í síma +3545517030.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar **www.norden.org** (Störf)
**eigi síðar en 15. júlí 2019.**



# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

## Þú finnur draumastarfið á Job.is


Iðnaðarmenn


Heilbrigðisþjónusta


Kennsla


Veitingastaðir

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á MÓTORHJÓLAVERKSTÆÐI SUZUKI**

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling á Mótorhjólaverkstæði Suzuki.

**Hæfniskröfur:** almennur áhugi og þekking á mótorhjólum, utanborðsmóturum og fjórhjólum eða reynsla sem nýtist í starfi.

Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 12. júlí á netfangið stefan@suzuki.is**

Suzuki Þjónustan • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100

# Sölumaður í fagverslun

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi til að bætast í hóp öflugra starfsmanna í heildsölu fyrirtækisins. Lögð er áhersla á jákvætt hugarfar og metnað við að veita framúrskarandi þjónustu. Starfið felst aðallega í þjónustu og sölu til rafvirkja, rafverktaka, byggingaraðila og hönnuða.

**Hæfnikröfur:**

- Iðn- eða tæknimenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á rafmagnsvörum og lýsingarbúnaði
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Stundvísi
- Gott skipulag
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kurteisi
- Snyrtimennska

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina og þarf viðkomandi að hafa hreint sakarvottorð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á *atvinna@rafkaup.is* fyrir 6. júlí 2019.**

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði og rafmagnsvörum. Markmið félagsins er að vera ávallt í fremstu röð varðandi þjónustu til viðskiptavina sinna og markaðssetningu á þeirri vöru sem fyrirtækið selur.

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# Líf og fjör í vinnunni

Skemmtilegt vinnuumhverfi fyrir tvítuga og eldri



# Afgreiðsla í Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni**

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

**Hæfniskröfur**

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Almenn tölvukunnátta

**Starfshlutfall er 100%.**

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.
**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
**Nánari upplýsingar veitir:** Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

VÍNBÚÐIN




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Garðaborg lausa til umsóknar.**
Garðaborg er tveggja deilda leikskóli við Bústaðaveg í Reykjavík. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey og Caroline Pratt þar sem lögð er áhersla á frjálsan leik, opinn efnivið, einingakubba og holukubba sem ýta undir ímyndunarafl, sköpun, útsjónarsemi og rökhugsun. Markvisst er unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að auknu lýðræði í öllu starfi leikskólans, m.a. með því að börnin tjái skoðanir sínar, geti haft áhrif á eigin þekkingaröflun og daglegt líf. Leikskólinn er í samstarfi við íþróttafélagið Víking, tekur þátt í Vináttuverkefni Barnaheilla og samstarfsverkefninu „Kynslóðir leika“ með eldri borgurum í hverfinu. Á næstu misserum er fyrirhuguð endurgerð leikskólalóðarinnar auk þess sem unnið verður að innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar með áherslu á félagsfærni.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Garðaborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.
**Ráðið verður í stöðuna frá 1. september 2019.**
**Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 8. júlí 2019.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála eða Elísabet Helga Pálmadóttir, þróunarfulltrúi, sími 411 1111.
Netföng: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is/elisabet.helga.palmadottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## LIND FASTEIGNASALA

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

REYKJALUNDUR endurhæfing
FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

## Framkvæmdastjóri endurhæfingarsviðs

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra endurhæfingarsviðs á Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Um er að ræða 100% stöðu sem veitist frá 1. september 2019.

Framkvæmdastjóri endurhæfingarsviðs heyrir undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn. Hann ber ábyrgð á starfsemi sviðsins og meðferðarteyma sem því tilheyra, skipuleggur og samhæfir faglegt meðferðarstarf, mönnun teyma og tryggir framgang markmiða, stefnu og sýn Reykjalundar.

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt starfsleyfi á sviði heilbrigðisvísinda
- Menntun á sviði stjórnunar og rekstrar
- Þekking á rekstri heilbrigðisstofnana
- Þekking og reynsla af þverfaglegri teymisvinnu
- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum
- Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Umsókn skal fylgja staðfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af stjórnunarstörfum.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2019.

Upplýsingar um starfið veita Birgir Gunnarsson forstjóri – birgir@reykjalundur.is – sími 585-2140 og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri – gudbjorg@reykjalundur.is

Umsókn skal skilað til Birgis Gunnarssonar forstjóra Reykjalundar - birgir@reykjalundur.is

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á **www.reykjalundur.is**

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Þú finnur draumastarfið á
job.is


Heilbrigðisþjónusta


Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
job.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

---

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

**VIÐ ERUM TRAUSTI**



## VIÐ VILJUM VINNA MEÐ ÞÉR

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema til löggildingar fasteignasala til starfa.
Vaxandi fasteignasala í léttu og skemmtilegu starfsumhverfi. Góðir tekjumöguleikar.
